

1859.
19. ágúst. athuga málefni þetta, og leita um það álits nefndar þeirrar, er „synodus” hefir sett til þess að ræða um umbót á prestaköllum á Íslandi, og senda síðan hingað álitsskjal nefndarinnar svo fljótt sem verða má, ásamt með athugasemdum sjálfra yðar; einnig eruð þér beðnir að senda skýrslu um tekjur brauðsins á ári hverju um 10 ára tíma, og um stærð safnaðarins, og gjöra uppástungur um það, hvernig máli þessu skuli ráða til lykta.

19. ágúst. **37. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um leyfi fyrir eigendur Skálholts kirkju til að kaupa konungleg skuldabréf fyrir fê kirkjunnar.**

Í bænarskrá nokkurri, er þér, herra stiptamtmaður og þér, háæruverðugi herra, hafið sagt álit yðar um í bréfi 17. nóvemberm. f. á., hafa þeir Thorsteinson, konferenzráð, og Hannes kaupmaður Johnsen, eigendur Skálholts kirkju, meðal annars farið þess á leit, að þeim yrði veitt leyfi til að verja fê kirkju þessarar, því sem um er rætt í konungsbréfi 29. septemberm. 1848, og sem nú er að upphæð 960 rd., til að kaupa fyrir það konungleg skuldabréf, er gefi 4 af hundraði í vöxtu á ári, í stað þess að setja fê þetta á vöxtu í jarðabókarsjóð Íslands.

Eptir að stjórn kirkju- og kennslumálanna var búin að bera mál þetta upp fyrir konungi, hefur hans hátign 17. dag þ. m. allramildilegast fallizt á þá uppástungu stjórnarinnar, að leyfi það, er um var sótt, veitist beiðendunum, með þeim skilmálum, að þér ritið á skuldabréfin bann mót því að þeim sé fargað, og að þau séu síðan fram seld til varðveizlu í jarðabókarsjóðnum, og að endingu að öllu því fê, sem áður er um getið, eður 960 rd., sé varið til að kaupa fyrir það slík ríkisskuldabréf, er eigi standi í hærra verði en þau hljóða uppá.

Þetta tilkynnist yður, sjálfum yður til leiðbeiningar og til auglýsingar þeim, er hlut eiga að máli.